



Verulega breytt neysla í samkomubanni

Áfengis kaup jukust til muna og samdráttur var nær algjör í kaupum á ferðatengdri þjónustu.

Breytt neysla í apríl

Við greindum frá því á dögunum að greiðslukortavelta dróst talsvert saman í apríl, meira en sem nam samdrættinum í mars. Samkomubann ríkti allan aprílmánuð og áhrifin af Covid-19-faraldrinum eru því sterkari þá en í mars. Innanlands dróst kortavelta tengd verslun og þjónustu saman um tæp 13% milli ára, sem er mesti samdráttur síðan í október 2009.


Einhverju leyti tilfærsla á neyslu

Ef litið er til greiðslukortaveltu eftir útgjaldaliðum sést greinilega hvaða áhrif samkomubann hefur haft á neyslu. Áfengis kaup jukust hlutfallslega mest allra útgjaldaliða milli ára í apríl, um 52%. Velta í raf- og heimilistækjaverslunum jókst einnig meira í apríl en í mars og sömu sögu má segja um veltu í byggingarvöruverslunum. Ætla má að aukin kortavelta í áfengisverslunum og í stórmörkuðum sé að einhverju leyti tilfærsla á neyslu sem annars hefði farið fram á veitingastöðum sem voru lokaðir. Aukin kaup á vörum í byggingarvöruverslunum og raf- og heimilistækjaverslunum má rekja til aukins tíma sem fólk varði innan veggja heimilisins meðan á samkomubanni stóð.

80-100% samdráttur í sumum flokkum

Þeir útgjaldaliðir sem drógust saman milli ára í mars, drógust flestir enn frekar saman í apríl, til að mynda kaup á skipulögðum ferðum, sem drógust saman um 96%, og kaup á gistiþjónustu, sem drógust saman um 80%. Viss kaup drógust minna saman í apríl en í mars og má þar nefna fatakaup og eins velta í verslunum með heimilisbúnað. Fólk gæti því hafa lagt leið sína í auknum mæli í þær verslanir sem voru opnar þegar leið á samkomubannið.

Breyting í kortaveltu eftir útgjaldaliðum



Samanburður við mars og apríl 2019. Velta raunvirt með víðeigandi undirlit VNV.
Heimild: Rannsóknarsetur verslunariðnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




Væntingar að glæðast á ný

Væntingar fólks til atvinnu- og efnahagsástandsins versnuðu afar mikið í apríl og höfðu ekki mælst lægri síðan í október 2010. Nokkuð áberandi viðsnúningur varð svo í maí þegar væntingar til næstu 6 mánaða jukust frá því í apríl og mældust á svipuðum stað og í janúar á þessu ári, áður en vitað var hvaða afleiðingar faraldurinn gæti haft á efnahagslífið hér á landi. Þessi niðurstaða bendir til þess að þó fólk meti stöðuna nokkuð slæma um þessar mundir, ríki meiri bjartsýni en áður sem má eflaust rekja til þess árangurs sem náðst hefur við að hefta útbreiðslu veirunnar.

Gera má ráð fyrir 7% samdrætti einkaneyslu í ár


Ef fram fer sem horfir og bjartsýni eykst meðal landsmanna, má gera ráð fyrir að neysla komist hægt og rólega í eðlilegra horf þar sem takmarkanir stjórnvalda hafi ekki lengur bein áhrif á getu fólks til þess að kaupa ákveðnar vörur og þjónustu. Hins vegar má gera ráð fyrir því að aukið atvinnuleysi og minna atvinnuöryggi hafi áhrif til lengri tíma og muni draga út neyslulífa og -getu heimilanna með þeim afleiðingum að samdráttur í einkaneyslu verði nokkuð mikill á þessu ári, eða 7%, samkvæmt nýútgefninu [Þjóðhags- og verðbólguþá Hagfræðideildar](#). Yrði það mesti samdráttur síðan 2009.

Væntingavísitölur Gallup



Mánaðarleg gögn. Fyrsta dags. jan. 2017. Gildi yfir 100 sýna að fleiri eru bjartsýnir en svartsýnir. Heimild: Gallup

Einkaneysla - þróun og spá



2020-2022 er spá Hagfræðideildar. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.